

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 24/97
frá 6. maí 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/97 frá 24. mars 1997⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 96/53/EB fellir úr gildi frá 17. september 1997 tilskipun ráðsins 85/3/EBE frá 19. desember 1984 um mál, þyngd og ýmsa aðra tæknilega eiginleika tiltekinna ökutækja á vegum⁽³⁾, og síðari breytingar, og tilskipun ráðsins 86/364/EBE frá 24. júlí 1986 varðandi sönnunargögn um samræmi ökutækja við tilskipun 85/3/EBE um mál, þyngd og ýmsa aðra tæknilega eiginleika tiltekinna ökutækja á vegum⁽⁴⁾, sem er að finna í samningnum en ber að fella brott úr honum, með gildistöku frá sama degi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 59.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 2, 3. 1. 1985, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 48.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 15. lið (tilskipun ráðsins 86/364/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„15a. 396 L 0053: Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu (Stjtið. EB nr. L 235, 17. 19. 1996, bls. 59).“

2. gr.

Textinn í 14. lið (tilskipun ráðsins 85/3/EBE) og textinn í 15. lið (tilskipun ráðsins 86/364/EBE) fellur niður, með gildistöku frá 17. september 1997.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/53/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. maí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

